

BOLUNGUR

FRÉTTABRÉF GRUNNSKÓLA BOLUNGARVÍKUR



Samþætting námsgreina

BREYTTIR KENNSLUHÆTTIR

Skólaárið 2019-2020 fóru starfsmenn Grunnskóla Bolungarvíkur í innra mats vinnu og greindu starfsemi skólans út frá matstæki um þróun skólastarfs. Í framhaldi af því var ákveðið að auka markvisst við kennsluhætti sem einkennast af samþættingu námsgreina út frá grunnþáttum menntunar. Hugmyndafræðin á baki þessarar ákvörðunar er að nám nemenda verði einstaklingsmiðaðra en það hefur verið hingað til og skólastarfið nemendamiðaðra lærdómssamfélag. Skólaárinu er skipt upp í tímabil og hvert tímabil tekur einn grunnþátt fyrir. Námsferlið er það sama í öllum grunnþáttum þó að mismunandi námsgreinar geta legið undir. Þemað sem tekið er fyrir lítar námsgreinarnar og límir þær saman.

Skólaárið 2020-2021 fær hvert stig fjórar kennslustundir til að sinna hverjum grunnþætti með samþættingu. Ef þörf er á fleiri stundum geta kennarar á stiginu komið sér saman um skipulag á því.

Ákveðið hefur verið að öll stig vinni að sama grunnþætti þó að undirliggjandi þema geti verið misjafnt eftir stigum. Í fyrsta grunnþætti skólaárið 2020, unnu öll stigin að þemanu "Hver er ég", sem undirbjó nemendur m.a. undir nemendastýrð foreldraviðtöl.

Grunnþættir menntunar eru: Heilbrigði og velferð, Lýðræði og mannréttindi, Læsi Sköpun, Sjálfbærni og Jafnrétti.



Hér má sjá samantekt nemenda á yngsta stigi af grunnþættinum „heilbrigði og velferð“.

Hver er ég?


UPPLIFUN NEMENDA Á MIÐSTIGI

5.-7. bekkur.

Það var gaman að vinna að þemanu „Hver er ég?“ Við lærðum að skrifa um tilfinningarnar okkar og setja í rétt samhengi. Við lærðum að gefast ekki upp. Við skoðuðum fyrirmyndir okkar, við lærðum að það hjálpa okkur með markmiðasetningu að eiga fyrirmynd.

Í verkefninu í heild kynntust við okkur betur og sáum að við erum líka fyrirmyndir. Við settum öll okkar verkefni í eina bók sem við köllum „Hver er ég“ bókin, okkur finnst gott að hafa öll verkefni okkar á sama stað. Að geta hrósað sjálfum sér og öðrum er góður kostur, og kennir okkur að tala meira saman.

Við fórum í foreldraviðtal þar sem við töluðum við foreldrana sjálf og sýndum þeim afrakstur síðustu vikna, það var gaman. Við lærðum að við getum lagað villur með því að gera aftur og vitum að það er gott að fá leiðsögn.



Nemendastýrð foreldraviðtöl

Upplifun unglunga

GIÐBJÖRN SÖLVI, MÁR ÓSKAR, MATTHÍAS BREKI, SALVÖR SÓL, LINDA OG ÍVAR ELÍ

Þann 20. október fóru fram nemendastýrð foreldraviðtöl í Grunnskóla Bolungarvíkur. Viðtölin voru tekin í gegnum Microsoft Teams, krakkarnir voru í skólanum á meðan foreldrarnir voru heima eða í vinnunni. Þetta var svona út af Covid-19. Það var meira að segja hægt að vera í viðtali úti á sjó eða öðrum bæ og vonandi verður hægt að bjóða aftur upp á rafræn viðtöl.

Viðtalið byggði á verkefninu *Hver er ég?*, en það tók sex vikur. Krakkarnir töluðu um margvíslegar tilfinningar, hvað þau hræðast mest, hvar þau vilja vera eftir 15 ár, hvernig þau komast þangað, áhugamál, styrkleika og veikleika, o.fl.

Flestum fannst þetta áhugavert. Það voru margir möguleikar til að skila verkefninu, sumir gerðu stuttmynd, ritgerð, handrit, glærukynning, plaköt, bækur o.fl. Mörgum nemendum fannst verkefnið krefjandi en skemmtilegt.




Upplifun foreldra

Við viljum byrja á því að þakka þeim sem tóku þátt í könnun okkar um rafrænu nemendastýrðu foreldraviðtölin. Upplifun okkar í skólanum var mjög góð og því mikilvægt að fá upplifun ykkar líka. Við fengum svör frá 52 heimilum og voru viðbrögðin almennt mjög jákvæð. 90% foreldra sögðu að tæknimálin hafi gengið vel eða mjög vel, allir sögðu að upplýsingar frá kennara hafi verið mjög skýrar eða ágætar, og um 90% fannst fyrirkomulagið mjög áhugavert eða ágætt. Fyrirkomulagið var betra fyrir um 50% svarenda en 7% fannst þetta ekki betra. Á myndinni hér til hægri má sjá að flestir vilja hafa báða möguleikana opna á viðtölum í framtíðinni.

Nokkrir nýttu sér valmöguleikann að koma að frekari upplýsingum og þar var mikið samræmi í upplifun foreldra. Þeir upplifðu að þeir fengu mun betri mynd af námi og vinnu barna sinna í skólanum og þótti skemmtilegt að sjá skipulag barnsins.

Við fengum líka ágæta punkta til að vinna eftir fyrir skipulag næstu foreldraviðtala. Takk fyrir það kæru foreldrar.

5. Hvernig viltu hafa viðtölin í framtíðinni?



Munið vetrarfríið 4.-6. nóvember

Á heimasíðu skólans og í pósti til foreldra má sjá hvernig fyrirkomulag skólans verður eftir vetrarfrí til og með 17. nóvember. Vinsamlegast kynnið ykkur það. Við vonumst til að sem flestir finni sér einhver áhugaverð verkefni heima fyrir og í nágrenninu þessa frídaga, en ef ekki, munið eftir tilmælum sóttvarnalæknis og hugið að eigin sóttvörnum. – **Við erum öll almannavarnir!**